

4. fundur stjórnar Foreldrafélags Grunnskólans í Stykkishólmi

11. janúar 2016

Formaður setti fund og bauð alla fundarmenn velkomna.

Endurskoðun starfsreglna Foreldrafélagsins. Endurbætur ákveðnar á 3. grein um setu tveggja fulltrúa áfram milli ára. Einn fundur í september, fyrir 20. september og fyrri stjórn skili af sér og farið yfir árið. Einungis skal kosið um formann, ritara og gjaldkera. Önnu falið að orða breytinguna og nýjum starfsreglum komið á framfæri á heimasíðu skólans. Enduskoða þarf 5. Grein um félagsgjöld og sjóð milli ára, í hvað peningum skuli varið.

Samþykkt var að valgreiðsla á heimili verði 2.200 kr og fer í innheimtu fljótlega.

Öskudagur er 10. febrúar. Bóka þarf íþróttahús, tryggja nammi og svala. Anok mun auglýsa eftir fyrirtækjum sem hafa áhuga á að taka þátt í öskudeginum, einnig þarf að hafa samband við nokkur fyrirtæki. Leikskólabörnum er boðið á ballið í íþróttahúsinu. Kostnaður er 500 kr/barn. Íþróttakennarar og 10. bekkur setja upp þrautabraut í íþróttahúsi. Anna tekur myndir. Hafa þarf samband við Haffa um að tromma í göngunni. Lagt var til að hafa samband við Agnesi og X-ið og tengja það við tómsundarval hvernig útfærslan verður á balli um kvöldið, nemendaráð verði tengiliðir varðandi það atriði.

Ákveðið var að leggja niður fésbókarsíðu foreldrafélagsins og nota Námfús frekar. Hver bekkur getur haft sér fésbókarsíðu.

Næsti fundur verður 1. febrúar kl. 16.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Formaður sleit fundi.

Mættir:

Pröstur Ingi Auðunsson

Arnþór Þorsteinsson

Bogi Th. Bragason

Bryndís Jakobsdóttir

Birgitta Þórey

Nadine Walter

Jóhanna M. Ríkharðsdóttir

Alda Leif Jónsdóttir

Guðmunda Þ. Ragnarsdóttir

Steinunn Magnúsdóttir

Hildur Vésteinsdóttir

Sigurður R. Bjarnason

Anna Melsteð

Sigurður Ágúst Þorvaldsson

Þórhildur Eypórsdóttir

Laufey Bjarnadóttir